


Gunnlaugs saga ormstungu

Aðlagað námsefni
útdráttur



Helga Hauksdóttir
kennsluráðgjafi
skóladeild Akureyrarbæjar
2012

1. kafli

Þorsteinn hét maður. Hann var sonur Egils Skalla-Grímssonar og móðir hans hét Ásgerður Bjarnardóttir. Þorsteinn bjó að Borg í Borgarfirði. Hann var ríkur maður og var gæddur mörgum góðum eiginleikum (→ hann hafði marga kosti). Hann var vitur maður og hógvær. Hann var ekki sérstaklega stór eða sterkur en hann var mjög vinsæll. Hann var fríður í útliti og ljóshærður. Konan hans hét Jófríður Gunnarsdóttir. Jófríður hafði verið gift áður og átti dóttur sem hét Húngerður. Jófríður og Þorsteinn áttu nokkur börn. Elstur var Skúli, næstur var Kolsveinn og sá þriðji hét Egill. Jófríður var mjög dugleg og ákveðin kona.

2. kafli

Eitt sumarið kom skip að landi frá Noregi. Skipstjórinn hét Bergfinnur. Hann var vitur maður og nokkuð gamall. Þorsteinn bauð Bergfinni að vera hjá sér um veturinn. Bergfinnur hafði mjög gaman af draumum.

Um vorið riðu Þorsteinn, Bergfinnur og einn vinnumaður að Valfelli til að gera við tjaldbúð sem Þorsteinn notaði þegar menn hittust til að þinga og spjalla saman. Þeir hittu líka bónda sem leigði land af Þorsteini og hann fór með þeim og hafði með sér skóflu til að hjálpa þeim að gera við tjaldbúðina. Það var gott veður og hlýtt og þeir voru þreyttir af að vinna úti. Þorsteinn og Bergfinnur settust niður til að hvíla sig. Þá dreymdi Þorstein draum og lét mjög illa í svefni. Þegar hann vaknaði spurði Bergfinnur hvað hann hefði verið að dreyma. Þorsteinn svaraði og sagði að það væri ekkert að marka drauma.

En Bergfinnur var forvitinn og á heimleiðinni spurði hann Þorstein aftur hvað hann hefði dreymt. Þá sagði Þorsteinn: „Ef ég segi þér drauminn, þá verður þú að ráða hann“ (→segja hvað draumurinn merkir) og Bergfinnur sagðist ætla að gera það.

Svona var draumur þorsteins:

„Mig dreymdi að ég stæði fyrir utan dyrnar á Borg. Þegar ég leit upp á þakið sat þar mjög falleg álf (→svanur). Svo sá ég stóran og sterkan örn koma fljúgandi ofan frá fjöllum. Hann settist hjá álfinni og var augskýleglega hrifinn af henni. Síðan sá ég annan fugl koma fljúgandi úr suðurátt. Það var líka örn og hann settist á þakið hinum megin við álfina. Brátt fóru ernirnir (einn örn → margir ernir) að berjast og það blæddi úr þeim báðum. Þeir hættu ekki fyrr en þeir duttu báðir dauðir niður af þakinu. Álfinn sat eftir og var mjög döpur (leið → sorgmædd). Þá sá ég annan fugl koma fljúgandi úr vesturátt og það var valur. Hann settist hjá álfinni og var góður við hana. Þau flugu síðan bæði burt í sömu átt. – Og þá vaknaði ég.“

Þorsteinn sagðist vera viss um að þessi draumur væri ómerkilegur og að hann þýddi ekki neitt en Bergfinnur sagðist halda að draumurinn hefði einhverja merkingu (→þýðingu). Þá bað Þorsteinn hann að segja sér hvað draumurinn merkti. Þá sagði Bergfinnur: „Fuglarnir tákna (→merkja) menn. En konan þín mun eignast meybarn(→dóttur) sem verður afar fallegt og þér mun finnast mjög vænt um. En tveir

menn munu verða mjög hrifnir af dóttur þinni og munu berjast um hana og báðir láta lífið (→deyja) vegna þess. Þá kemur þriðji maðurinn úr þeirri átt sem valurinn kom fljúgandi og hann mun biðja dóttur þinnar og þau munu giftast.“

Þorsteinn var nú frekar reiður við Bergfinn og sagði að hann kynni (→að kunna) ekkert að ráða drauma en Bergfinnur var viss um að draumurinn ætti eftir að rætast. Um sumarið fór Bergfinnur burt frá Borg og hann kemur ekki meira við sögu.

3. kafli

Næsta vor var Jófríður, kona Þorsteins, ófrísk og áður en Þorsteinn fór á þing, sagði hann henni að ef að barnið yrði piltur (→drengrur, strákur) skuli þau ala það upp en ef barnið yrði stúlka (→stelpa) eigi hún að bera hana út (að bera út barn→ losa sig við barn sem foreldrar gátu ekki séð um) Jófríður eignaðist svo stúlku, sem var ákaflega falleg og hún gat alls ekki hugsað sér að bera hana út. Hún bað því Þorvarð smalamann um að taka hest og fara með stúlkuna til Þorgerðar Egilsdóttur í Hjarðarholti en hún var systir Þorsteins. Hún lét hann líka hafa silfur (→peninga) og sagði honum að fá sér far með skipi úr landi.

Jófríður sagði svo Þorsteini að hún hafi losað sig við barnið og að smalamaðurinn hafi strokið úr vistinni og stolið hestinum hennar.

Síðan liðu 6 ár. Þá fór Þorsteinn í heimboð til Þorgerðar systur sinnar. Þar sá hann mjög fallega stúlku og spurði hver hún væri. Þá sagði systir hans honum að stúlkan væri dóttir hans og hétu Helga. Bað hún hann um að fyrirgefa sér og Jófríði, að þær hefðu ekki gert eins og hann sagði en bjargað stúlkunni þegar hún fæddist.

Þorsteinn fyrirgaf þeim og sagði að að hefði verið gott hjá þeim að reyna að bæta fyrir þessi fyrirmæli sem hann hefði gefið og nú fannst honum það vera mikil gæfa (→hamingja, gleði) að eiga svona fallega dóttur. Tók hann Helgu með sér heim og kallaði hana Helgu hina fögru. Hún ólst svo upp hjá foreldrum sínum og naut (→að njóta, fá) ástar og umhyggju.

4. kafli

Í Borgarfirði var annar höfðingi en Þorsteinn. Það var Illugi á Gilsbakka og var hann kallaður Illugi svartí og var Hallkelsson. Hann var stóreignamaður (→átti miklar eignir) og harður í skapi en veitti vinum sínum mikinn stuðning. Hann átti mörg börn en fá þeirra koma við þessa sögu. Synir hans tveir voru Gunnlaugur og Hermundur. Þeir voru báðir efnilegir og fullorðnir.

Sagt er að Gunnlaugur hafi verið mjög bráðþroska í æsku. Hann var stór og sterkur, ljóshærður, svarteygur en nokkuð nefljótur. Hann var mittismjór en herðabreiður og mjög hraustur. Hann var metnaðargjarn (→vildi helst standa sig betur en aðrir) og þegar hann orti vísur var hann oft orðljótur um fólk sem hann orti um. **Þess vegna var hann kallaður „ormstunga“.**

Þegar Gunnlaugur var 12 ára sagði hann við föður sinn að hann vildi sigla til



annarra landa og sjá hvernig siðir (→venjur) væru þar. Illugi vildi helst ekki að hann færi en einn daginn þegar hann vaknaði sá hann að það var búið að taka sekki (→sekkur = stór poki) með vaðmáli (→unnin ull til að selja) út úr geymslunni. Svo kom Gunnlaugur með fjóra hesta og sagði að hann hefði tekið sekkina og ætlaði að borga með þeim far sitt til útlanda. Illugi tók sekkina af honum, setti þá aftur inn og sagði að það væri betra fyrir Gunnlaug að biðja með að fara þangað til hann fengi leyfi. En Gunnlaugur hlýddi ekki og reið af stað og kom um kvöldið til Borgar til Þorsteins. Þorsteinn bauð honum að vera eins lengi og hann vildi og var Gunnlaugur á Borg næstu misseri (→misseri er um hálf t. ár). Var hann að nema (→læra) lögfræði með Þorsteini og líkaði heimilisfólki á Borg vel við hann.

Helgu og Gunnlaugi kom mjög vel saman. Þau voru á líkum aldri og sátu oft saman að tafli (→tefildu skák). Helga var svo fögur að margir sögðu að hún væri fegursta kona á Íslandi. Hún hafði mikið og sítt hár sem var ljóst og fagurt eins og gull og engin kona þótti eins góður kvenkostur (→konuefni) og hún.



Einn daginn sagði Gunnlaugur við Þorstein að hann hefði ekki kennt sér að biðja sér konu eða trúlofa sig með lögformlegum hætti. Þorsteinn sagði að það væri ekki mikið mál og kenndi honum það. Þá sagði Gunnlaugur: „Nú ætla ég að vita hvort ég hafi skilið þetta rétt og ætla að taka í hönd þína og láta eins og ég sé að biðja um hönd Helgu dóttur þinnar.“ Þá sagði Þorsteinn að það væri nú óþarfi en Gunnlaugur þreif í höndina á honum og bað hann um að leyfa sér þetta. Þorsteinn sagði að hann skyldi gera það en bætti við að allir viðstaddir væru til vitnis um að þetta væri allt eins og ósagt og engin brögð í tafli með að þetta væri aðeins til gamans gert. Gunnlaugur nefndi sér svo votta (→ vottur ft. vottar – þeir sem eru nálægt og geta staðfest orð einhvers) og bað Helgu. Þótti viðstöddum þetta skemmtilegt.

5. kafli

Önundur hét maður sem bjó að Mosfelli. Hann var ríkur maður og kona hans hét Geirný. Synir þeirra voru Hrafn, Þórarinn og Eindriði. Þeir voru allir efnilegir en þó þótti Hrafn þeirra mestur. Hann var mikill maður og sterkur, myndarlegur og gott skáld. Þegar hann varð fullorðinn fór hann á milli landa og var allsstaðar vel metinn (→vinsæll).

Á Hjalla í Ölfusi bjó Þóroddur hinn spaki (→spakur =vitur) Eyvindarson og kona hans hét Rannveig. Hún var systir Geirnýjar, konu Önundar að Mosfelli. Sonur þeirra hét Skafti og var hann frændi þeirra Hrafns, Þórarins og Eindriða (→af því að mæður þeirra voru systur). Þess vegna var góður vinskapur á milli þessarra fjölskyldna.

Á Rauðamel bjó Þorfinnur Sel-Þórisson og hann átti sjö syni og voru þeir allir efnilegir menn. Þrír þeirra eru nefndir og hétu Þorgils, Eyjólfur og Þórir.

Nú gerist það á þessum tíma að Íslendingar taka upp kristni (→árið 1000) og flestir höfnuðu (→að hafna – neita) fornum (→gömlum) átrúnaði (→áður höfðu Íslendingar verið ásatrúar).

Gunnlaugur ormstunga var nú orðinn 18 ára og hafði verið 6 ár ýmist á Borg hjá

Þorsteini eða heima hjá sér hjá að Gilsbakka. Samkomulag hans og Illuga föður hans hafði batnað smám saman þessi ár.

Þorkell svarti bjó líka á Gilsbakka og var frændi Illuga. Hann fékk nú arf (→ einhver dó og vildi að Þorkell fengi peninga sem hann hafði átt) og þurfti Þorkell að sækja hann norður að Ási í Vatnsdal. Hann bað Gunnlaug að fara með sér og þeir riðu af stað. Þegar þeir höfðu fengið peningana sneru (→ að snúa) þeir við suður aftur. Á leiðinni gistu þeir í Grímstungu hjá ríkum bónda sem þar bjó.

Næsta morgun hafði smalamaður tekið hest Gunnlaugs og skilaði honum aftur mjög sveittum. Það líkaði Gunnlaugi illa og sló smalamanninn í óvit (→ í rot). Bóndinn var mjög ósáttur við það og vildi að Gunnlaugur borgaði bætur. Hann bauðst þá til að borga eina mörk en bónda þótti það of lítið.



Gunnlaugur kvað (→að kveða) þá vísu þar sem hann sagði að bóndinn réði því hvort hann fengi mörkina eða hvort hann neitaði og fengi þá ekki neitt (vísan er á bls. 34 í bókinni). Bóndinn ákvað að taka við mörkinni og svo riðu þeir Gunnlaugur og Þorkell áfram heimleiðis.

Stuttu síðar bað Gunnlaugur föður inn aftur um að fá fé til að fara til útlanda. Nú sagði Illugi að hann fengi að fara, enda hefði hann bætt sig og þroskast síðan hann bað um það fyrst (þegar hann var 12 ára).

Síðan reið Illugi að heiman og keypti hálf skip handa Gunnlaugi og þakkaði Gunnlaugur honum vel þegar hann kom heim. Ákveðið var að Þorkell svarti færi með Gunnlaugi út og var allur varningur (→farangur) þeirra fluttur til skips. Gunnlaugur var að Borg á meðan var verið að útbúa skipið til farar og vildi heldur vera með Helgu þann tíma. Einn daginn spurði Þorsteinn Gunnlaug hvort hann vildi koma og skoða hross (→hesta). Það vildi Gunnlaugur. Þeir komu að fjórum stóðhestum sem Þorsteinn átti og voru rauðir að lit. Þorsteinn baust til að gefa Gunnlaugi hrossin en hann sagðist ekki vilja þau, af því að hann væri að fara af landi burt. Þeir héldu svo áfram og komu aftur að fjórum hrossum sem Þorsteinn átti. Þar var grár stóðhestur með fjórum merum (→ hryssum) og var það besti stóðhestur í Borgarfirði og bauð Þorsteinn Gunnlaugi hestinn. Hann sagðist heldur ekki vilja hann og spurði því Þorsteinn væri að bjóða honum það sem hann vildi ekki þiggja. „Hvað viltu þá þiggja?“ spurði Þorsteinn og Gunnlaugur svaraði og sagðist vildu fá Helgu dóttur hans. Þorsteinn sagði að það væri nú ekki hægt að ákveða slíkt á stuttum tíma. Hann sagði að Gunnlaugur gæti ekki beðið sér konu á sama tíma og hann væri að fara úr landi. Gunnlaugur spurði þá hverjum hann vildi frekar gifta dóttur sína og hvort hann vissi um einhverja sem væru háttsettari en hann. Þorsteinn sagði að það væru margir góðir menn í Borgarfirði en Gunnlaugur sagðiað það muni ekki mörgum takast að neita honum um konu.

Fara þeir nú heim en næsta dag ríður Gunnlaugur upp að Gilsbakka til föður síns og bað hann um að koma með sér til Borgar til að biðja Helgu. Illugi svaraði því að það muni lítið þýða fyrir hann að biðja sér konu þegar hann sé að sigla utan og að Þorsteinn yrði lítið hrifinn af því.

En Gunnlaugur lét ekki undan og reið Illugi til Borgar með 11 öðrum mönnum sínum og tók Þorsteinn vel á móti honum. Næsta morgun sagðist Illugi þurfa að ræða

við Þorstein og gengu þeir saman upp á Borgina (→ hæð í landareigininni) til að tala saman þar. Gunnlaugur fór með þeim. Sagði Illugi að nú væru þeir komnir til að fá lokasvar Þorsteins við því hvort hann vildi gifta Helgu dóttur sína Gunnlaugi. Sagði Illugi að Gunnlaugur fengi bæði jörð og peninga þegar hann gifti sig og það yrði ekki sparað.

Þorsteinn sagði þá að hann óttaðist að skaplyndi Gunnlaugs væri ekki nógu gott en ef hann hefði haft skap föður síns, Illuga, hefði hann ekki hikað. Þá sagði Illugi að ef Gunnlaugur fengi ekki Helgu myndu verða vinslit þeirra í milli (→þá muni þeir hætta að vera vinir). Sagði þá Þorsteinn að hann samþykkti að Helga yrði heitkona (→unnusta, kærasta) Þorsteins og myndi bíða hans í þrjú ár. Þau þrjú ár skyldi Gunnlaugur dvelja í útlöndum og vera þar til fyrirmyndar á allan hátt. Ef hann komi ekki aftur eftir þessi þrjú ár muni samkomulagið ekki vera lengur í gildi og Helga gæti þá gift öðrum manni. Þannig skildu þeir og reið Illugi heim aftur en Gunnlaugur til skips. Hann sigldi til Noregs og inn eftir Þrándheimsfirði til Niðaróss.

6. kafli

Á þessum tíma réð Eiríkur jarl yfir Noregi með Sveini, bróður sínum. Íslendingurinn Skúli Þorsteinsson var þá hirðmaður (→þjónustumaður) hans. Nú gengu Gunnlaugur og Auðunn á fund jarlsins. Gunnlaugur var í gráum kyrtli (→ gamalt mál – var eins og stuttur kjóll, stundum með belti) og hvítum buxum. Á ristinni var hann með graftrarkýli sem blóð og gröftur kom úr þegar hann gekk.

Þeir heilsuðu jarli, sem þekkti Auðun en spurði Skúla, hver Gunnlaugur væri. Skúli sagði að Gunnlaugur væri sonur eins mesta höfðingja á Íslandi og það þyrfti að taka vel á móti honum. Jarlinn spurði þá Gunnlaug hvað væri að honum í fætinum og sagði Gunnlaugur að það væri graftrarkýli. „Og samt gekkst þú ekki haltur“ sagði jarlinn. Þá svaraði Gunnlaugur: „**Eigi skal haltur ganga meðan báðir fætur eru jafnlangir**“.

Einum hirðmanni þótti Gunnlaugur heldur góður með sig og montinn og sagði að það væri best að leggja fyrir hann nokkrar þrautir. Gunnlaugur brást íla við og þurfti jarl að stilla þá báða. Hann spurði Gunnlaug hvað hann væri gamall og hann sagðist vera 18 ára. Þá sagði jarl: „Það læt ég um mælt, að þú verðir eigi annarra átján“. – Þannig spáði hann því að Gunnlaugur yrði ekki 36 ára. Gunnlaugur var ekki ánægður með svona slæman spádóm og sagði að það væri eins gott fyrir jarlinn að biðja vel fyrir sjálfum sér. Jarlinn reiddist Gunnlaugi og bað hirðmenn sína að fara burt með hann. Þá kom Skúli og bað jarlinn um að leyfa Gunnlaugi að fara í burtu. Jarl sagði að hann yrði að fara strax og hann mætti aldrei aftur koma í ríki sitt. Gunnlaugur fór þá með skipi til Englands og bað Auðun að gæta skipsins sem þeir áttu saman.



7. kafli

Nú siglid skipið sem Gunnlaugur var á til Englands og kom til Lundúnaborgar. Þá var talað sama tungumál í Englandi, Noregi og Danmörku. Það breyttist svo þegar Vilhjálmur bastarður vann England en þá var töluð franska þar, af því að Vilhjálmur var frá Frakklandi.

Gunnlaugur fór og hitti Aðalráð Játgeirsson, konung, og heilsaði honum virðulega. Konungur spurði hvaðan hann væri. Gunnlaugur sagði honum það og sagðist hafa ort um hann kvæði sem hann bað hann að hlusta á. Gunnlaugur flutti (→að flytja, eða lesa upp) þá kvæðið, hátt og snjallt. Kvæðið var um það hvað konungurinn væri góður og að allir vildu að hann réði yfir Englandi.

Konungurinn þakkaði honum fyrir kvæðið og gaf honum síða skarlatsskikkju að launum (→skarlat var fínt ullarefni, oftast dökkrautt). Skikkjan var fóðruð með skinni og með gull- eða silfurþræði. Konungur gerði Gunnlaug að hirðmanni sínum og var hann hjá konungi um veturinn.

Eitt sinn þegar Gunnlaugur var á göngu hitti hann þrjá menn og var einn þeirra mestur og stærstur og hét Þórormur. Hann bað Gunnlaug um að lána sér peninga. Gunnlaugur sagði þá að það væri ekki skynsamlegt að lána ókunnum mönnum peninga. Þórormur sagðist lofa að borga lánið á vissum degi. Þá lánði Gunnlaugur honum peningana. Þegar Gunnlaugur sagði konunginum frá því sagði kóngur að þetta hefði ekki verið skynsamlegt og bauðst til að láta Gunnlaug hafa peninga í staðinn. En Gunnlaugur hitti Þórorm aftur og sagðist vilja fá peningana til baka. Ef hann fengi þá ekki, skoraði hann Þórorm á hólum (→skoraði á hann í bardaga). Þórormur sagðist ætla að berjast við hann.

Þegar konungur frétti af því að Gunnlaugur ætlaði að berjast við Þórorm gaf hann honum mjög gott sverð. Það notaði Gunnlaugur í bardaganum og drap hann Þórorm. Konungurinn var mjög ánægður með það og Gunnlaugur varð frægur í Englandi eftir bardagann.

Næsta vor spurði Gunnlaugur konung leyfis hvort hann mætti ekki fara í siglingu. Hann sagðist ætla að koma til þriggja þjóðkonunga og tveggja jarla. Ákvað konungur að leyfa honum það en sagði að hann yrði að koma aftur eftir eitt ár.

8. kafli

Næst sigldi Gunnlaugur til Dyflinnar (→Dublin – á Írlandi). Hann hitti konunginn og sagðist hafa ort kvæði um hann og bað hann um að hlusta. Konungurinn gerði það og spurði svo hvað hann vildi fá að launum. Konungi datt í hug að gefa honum tvo knerri (→skip) en ráðgjafinn hans sagði að það væri allt of mikið. Flestir gæfu góða gripi fyrir ljóð, til dæmis hring, sverð eða góð föt. Þá ákvað konungurinn að gefa honum góð föt og gullhring. Gunnlaugur þakkaði honum fyrir og var um stund á Írlandi.

Þaðan fór hann svo til Orkneyja. Þar hitti hann jarlinn og sagði að hann vildi flytja kvæði fyrir hann. Í staðinn gaf jarlinn honum öxi sem var skreytt með silfri.



Síðan hélt Gunnlaugur áfram og fór næst til Svíþjóðar og hitti Sigurð jarl í Gautlöndum. Hann flutti langt ljóð fyrir jarlinn, sem launaði honum vel og bauð honum að vera hjá sér um veturinn. Um jólin komu norskir menn í heimsókn til Svíþjóðar og þá fóru þeir að rífast við Gauta um hvor jarlinn væri merkilegri, Sigurður í Gautlöndum eða Eiríkur, jarl í Noregi. Gunnlaugur átti að skera úr um (→ráða, segja til um) hvor jarlinn væri merkilegri. Hann sagði að þeir væru báðir mjög góðir og sérstaklega Eiríkur. Þegar Norðmenn sneru heim sögðu þeir jarlinum hvað Gunnlaugur hafði talað vel um hann. Þá ákvað Eiríkur að Gunnlaugur væri aftur velkominn til hans í Noregi (þetta var sami jarl og rak Gunnlaug burt í 6. kafla).

9. kafli

Næst fór Gunnlaugur til Uppsala í Svíþjóð og þar hitti hann konunginn sem hét Ólafur. Hann var ríkur og góður konungur. Þá var annar Íslendingur hjá konungi, Hrafn Önundarson (það var sagt aðeins frá honum í 5. kafla). Gunnlaugur vildi strax flytja ljóð fyrir konunginn sem sagði að það væri ekki tími til þess strax og sagði Gunnlaugi að setjast hjá Hrafn og öðrum gestum.

Gunnlaugur og Hrafn fóru þá að tala saman og urðu þeir ágætir kunningjar (→félagar, vinir). Nokkru seinna spurði Gunnlaugur konunginn aftur hvort hann mætti nú flytja kvæðið og samþykkti konungur það. Þá vildi Hrafn líka flytja ljóð og sagði að það væri réttast að hann færi fyrst með sitt ljóð, af því að hann hefði komið fyrr (→á undan Gunnlaugi) til konungsins. En konungur ákvað að best væri að Gunnlaugur færi fyrst með ljóðið af því að hann þyldi svo illa að fá ekki að ráða. Svo fór Gunnlaugur með kvæðið og síðan fór Hrafn með kvæðið sitt. Þá spurði konungur. „Hrafn, hvernig fannst þér nú kvæðið hans Gunnlaugs?“ Hrafn sagði að kvæðið væri gott en það væri svolítið orðljótt og erfitt og svolítið líkt Gunnlaugi sjálfum, sem væri oft erfiður í skapi. Þá spurði konungurinn Gunnlaug hvernig honum hefði fundist kvæðið hans Hrafn. Gunnlaugur sagði að kvæðið væri reyndar fallegt en en þó ekkert merkilegt og svolítið líkt Hrafn sjálfum. Þessum orðum reiddist Hrafn og sagði að hann ætti eftir að hefna sín á Gunnlaugi.

Hrafn ákvað svo að sigla burt og fór til Íslands. Hann lagði skipi sínu við Borgarfjörð og var svo heima hjá föður sínum einn vetur.

Næsta sumar, á Alþingi, ákvað Hrafn að fara og biðja Helgu, hinnar fögru, dóttur Þorsteins á Borg. Hann bað Skafta, frænda sinn að fara með sér. Þeir gengu með flokk manna með sér til búðar (→tjalds) Þorsteins og báðu Helgu. Þá sagði Þorsteinn að hún væri lofuð Gunnlaugi ef hann kæmi til Íslands seinna þetta sama sumar. Gunnlaugur kom ekki um sumarið og svo leið heilt ár.

Á Alþingi næsta ár, komu Skafti og Hrafn aftur til að biðja Helgu og sögðu að nú væri öruggt að Gunnlaugur væri hættur við að giftast, fyrst hann væri ekki kominn. Þorsteinn sagði þá að hann vildi vera alveg viss og fór og heimsótti Illuga, pabba Gunnlaugs. Hann hafði ekkert frétt af Gunnlaugi og sagði að sáttmálinn væri fallinn úr gildi. Þá ákvað Þorsteinn að Helga skyldi giftast Hrafn um haustið ef Gunnlaugur kæmi ekki það sumar. **Helgu leist ekki vel á það.**



10. kafli

Það er að fréttu af Gunnlaugi að þegar Hrafn fór til Íslands, fór Gunnlaugur til Englands af því að hann hafði lofað konunginum þar að koma aftur eftir eitt ár (kafli 7).

Næsta vor spurði Gunnlaugur hvort hann mætti nú ekki sigla til Íslands en konungur vildi það ekki af því að hann óttaðist að Danir kæmu og vildu fara í stríð við England. Svo leið það sumar og næsti vetur og ekki komu Danir. Þá spurði Gunnlaugur aftur hvort hann mætti nú ekki sigla til Íslands. Eftir mitt sumar samþykkti konungur að Gunnlaugur færi. Hann fór þá til Noregs, til Eiríks jarls og spurði hvort hann vissi um skip á leiðinni til Íslands. Það voru flest skipin farin þetta sumarið en Eiríkur vissi um eitt skip og kom Gunnlaugi á það.

Á leiðinni spurði maður á skipinu Gunnlaug hvort hann hefði heyrt að Hrafn væri búinn að biðja Helgu hinnar fögru. Gunnlaugur sagðist hafa heyrt eitthvað um það og honum þætti ekki gott ef fólk héldi að Hrafn væri jafn gott mannsefni og hann sjálfur.

Skipið kom að landi langt frá Borgarfirði, eða norður á Melrakkaslétu. Þar lenti Gunnlaugur í bardaga og fór þá svo að um leið og Gunnlaugur felldi andstæðinginn, fór hann úr liði á fætinum sem bólgnáði allur upp.

Þetta var mjög óheppilegt fyrir Gunnlaug sem þurfti að flýta sér suður í Borgarfjörð, áður en Helga giftist Hrafn. Þeir riðu svo af stað en komu ekki nógu snemma. Brúðkaupið var sama laugardag og þeir komu til Illuga, föður Gunnlaugs, á Gilsbakka. Fyrst vildi Gunnlaugur endilega fara beint til Borgar en svo treysti hann sér ekki vegna þess hvað fóturinn var bólgin.

11. kafli

Þetta sama kvöld var brúðkaupsveisla að Borg, þegar Helga og Hrafn giftu sig. Gestir tóku eftir því að brúðurin var ekki mjög glöð í veislunni.

Hrafn og Helga fóru svo til Mosfells og stuttu síðar uppgötvaði hún að Gunnlaugur var kominn til Íslands. Varð hún þá mjög leið og grét mikið. Hún vildi ekki vera á Mosfelli og stuttu seinna fóru þau Hrafn til baka til Borgar.

Um veturinn hittu Helga og Hrafn Gunnlaug og föður hans í brúðkaupsveislu. Þegar Helga leit á Gunnlaug sást það í augum hennar hvað hún var hrifin af honum. Þess vegna er stundum sagt: „**Eigi leyndu augu ef ann kona manni.**“ Þau Helga og Gunnlaugur töluðu saman og hann sagði henni að hann væri mjög ósáttur við að hún hefði gift Hrafn. Hann gaf henni líka mjög fallega skikkju. Rétt áður en allir fóru heim, reið Gunnlaugur á eftir Hrafn og vildi berjast við hann. Illugi og Þorsteinn komu þá og skildu þá að og allir fóru heim. Ekkert bar til tíðinda (→ ekkert gerðist) um veturinn en Hrafn og Helga voru ekki hamingjusöm og hún gat ekki gleymt Gunnlaugi.

Á þingi næsta sumar skoraði Gunnlaugur Hrafn á hólum og þeir börðust í Öxarárhólma á Þingvöllum. Hrafn átti að byrja að höggva í bardaganum af því að það var Gunnlaugur sem hafði skorað á hann. Hann hjó svo fast með sverði sínu að það fór í sundur – og Gunnlaugur fékk sár á aðra kinnina. Þá sagði Gunnlaugur að Hrafn væri búinn að tapa af því að hann hefði ekkert vopn, þar sem sverð hans hafði

brotnað. Hrafn sagði þá að það væri Gunnlaugur sem hefði tapað af því að hann væri sár. Nú komu feður þeirra og sögðu þeim nú að hætta að berjast. Næsta dag var það svo samþykkt á þingi, þar sem allir vitrustu (→vitur, gáfaður) menn landsins voru saman komnir að það mætti ekki lengur skora menn á hólmi til að berjast.

Eftir þingið fóru allir heim til sín og Gunnlaugur var á Gilsbakka hjá föður sínum. Einn daginn kom Hrafn þangað og sagði að best væri að þeir reyndu að klára hólmgönguna í Noregi. Þar gætu engir stoppað þá eða skilið þá að. Þessa tillögu samþykkti Gunnlaugur strax en fjölskyldum þeirra fannst þetta ekki vera gott ráð.

12. kafli

Hrafn bjó sig svo að heiman og sigldi til Noregs. Hann var í Þrándheimi í tvo vetur og beið alltaf eftir Gunnlaugi.

Gunnlaugur hafði farið seint af stað og fyrst til Orkneyja og lenti þar í ýmsum bardögum og þótti vera mjög hraustur. Hann fór svo til Noregs og var hjá Eiríki jarli. Eiríkur vissi að þeir Hrafn og Gunnlaugur höfðu komið til Noregs til að berjast og sagði að hann bannaði þeim að berjast í sínu ríki.

Næsta vor var Gunnlaugur orðinn mjög þungur í skapi og vildi endilega leita að Hrafni. Fór hann svo af stað en þá var Hrafn lagður af stað til Svíþjóðar. Gunnlaugur ákvað að elta hann og loks náði hann Hrafni og mönnum hans við lítið nes, Dinganes, á milli tveggja vatna. Þar ákváðu þeir að berjast með fylgdarmönnum sínum. Loks náði Gunnlaugur að höggva annan fótinn undan Hrafni, svo að hann haltraði (→gekk haltur) að tré og studdi sig við það. Þá sagðist Gunnlaugur ekki berjast við mann sem væri svo mikið meiddur. Hrafn bað þá Gunnlaug um að gefa sér vatn að drekka. Gunnlaugur sótti það í hjálminn sinn og sagði að hann treysti Hrafni til að svíkja sig ekki. Hrafn sagðist ekki gera það. Hann tók svo við vatninu með vinstri hendi en um leið hjó hann Gunnlaug í höfuðið með hægri hendi.

Þetta þótti Gunnlaugi ekki fallega gert, enda var Hrafn búinn að lofa því að svíkja Gunnlaug ekki. Sér til afsökunar sagði Hrafn að hann gæti alls ekki hugsað sér að Gunnlaugur fengi Helgu. Þá börðust þeir áfram þangað til að Hrafn féll (→dó). Aðstoðarmenn Gunnlaugs bundu um sár hans og þeir riðu til baka. Þar lá Gunnlaugur í þrjá daga þangað til hann dó líka og var jarðaður í Noregi. Flestum þótti mjög slæmt hvernig fór með samskipti þeirra Gunnlaugs og Hrafns, sem báðir voru mjög hraustir og vinsælir menn.

13. kafli


Það fréttist ekki strax til Íslands að bæði Hrafn og Gunnlaugur hefðu fallið í bardaganum. En bæði Iluga, föður Gunnlaugs og Ölund, föður Hrafns, dreymdi að synir þeirra væru látnir (→dánir). Þeir voru báðir mjög sárir og leiðir vegna þess.

Nokkru seinna gifti Þorsteinn Helgu dóttur sína manni sem hét Þorkell og bjó í Hraunsdal. Helga gat aldrei gleymt Gunnlaugi og oft tók hún fram skikkjuna sem hann hafði gefið henni og horfði á hana (11. kafli). Þau Þorkell og Helga áttu samt saman nokkur börn.

Eitt sinn kom upp sótt (→veikindi) á bænum og urðu margir mjög veikir. Helga

varð líka veik en lagðist samt ekki í rúmið. Eitt laugardagskvöld sat Helga og lagði höfuðið á kné bónda síns. Hún reisti sig svo upp og lét ná í skikkjuna sem Gunnlaugur hafði gefið henni. Hún tók svo skikkjuna og horfði á hana um stund. Svo lagðist hún aftur í fang bónda síns (→mannsins síns) og var örend (→dáin).

Þannig lýkur nú sögunni.



Um Gunnlaugssögu ormstungu

Gunnlaugssaga er ein af styttri Íslendingasögnum og talin skrifuð seint á 13. öld. Sögurnar voru oftast byggðar á munnmælum (→einhver sagði sögurnar) og lítið er vitað um hvort eitthvað í þeim sé satt.

Minni (→motiv – eitthvað sem kemur oft fyrir í öðrum sögum líka) í Gunnlaugssögu:

- Draumur sem er notaður til að spá fyrir um framtíðina (ernirnir sem börðust og dóu báðir)
- Það að bera út barn sem síðar á ævinni veldur örlagaríkum atburðum (Helga varð til þess að bæði Gunnlaugur og Hrafn dóu)
- Ástarpríhyrningur: tveir menn berjast um sömu konuna
- Skáld flytja ljóð sín fyrir konunga og fá góðar gjafir fyrir
- Einvígi og hefnd

Tímatal:

- Helga og Gunnlaugur fædd 984
- Gunnlaugur fer utan (18 ára) 1002
- Hrafn biður Helgu (þremur árum eftir að Gunnlaugur fór) 1005
- Gunnlaugur kemur til Íslands 1006
- Einvígi Hrafns og Gunnlaugs í Noregi 1009
- Hefndir og lok sögu 1010-11

Sagan gerist því á svona 25 árum. Það er oft nefndur **innri sögutími** (tíminn sem líður inni í sögunni).

Ytri sögutími er svo tíminn sem sagan gerist á eða 984-1010.

Annað sem ég ætla að muna um Gunnlaugssögu:

